

Alþingi  
Erindi nr. P 138 / 1239  
komudagur 12.3.2010



2010030026

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. mars 2010

/--

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um sóknaráætlun til eflingar atvinnulífi og samfélagi um land allt**

Skipulagsstofnun fagnar því að lögð sé fram tillaga til þingsályktunar um sóknaráætlun. Eins og sóknaráætlun er lýst í tillögunni, og í framkvæmd sem er langt komin, er hún að mörgu leyti sambærileg við það sem kallast landsskipulagsáætlun eða landsskipulagsstefna á hinum Norðurlöndunum. Almennt hefur umræða um skipulagsstefnu í Evrópulöndum þróast ákveðið í þá átt að áætlanir sem varða landnotkun á landsvísu eru samþættar innbyrðis og við áætlanir og stefnu um byggðapróun. Þessi samþætting er kölluð "spatial planning" og samræmd notkun aðferða og hugtaka hefur breiðst út um Evrópu auðveldað allan samanburð milli landa.


Á Íslandi hafa lengi verið uppi áform um að bæta landsskipulagsstigi við svæðis-, aðal- og deiliskipulagsstigin sem fyrir eru samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997. Úr því hefur þó ekki orðið nema að því leyti að í frumvarpi til skipulagslaga sem nú er til umfjöllunar í umhverfisnefnd Alþingis er gert ráð fyrir því að umhverfisráðherra leggi fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu. Í landsskipulagsstefnu eru samþættar áætlanir opinberra aðila um samgöngur, byggðamál, náttúruvernd, orkunýtingu og aðra málaflokka sem varða landnotkun. Í frumvarpinu er tekið fram að sveitarfélög skuli taka mið af landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlana eða breytinga á þeim og, eftir því sem við á, samræma þær landsskipulagsstefnu innan fjögurra ára frá samþykkt hennar. Í frumvarpinu kemur skýrt fram hver skuli vera málsmeðferð tillögu að landsskipulagsstefnu.

Í þingsályktunartillögu um sóknaráætlun kemur fram að gera skuli samþætta sóknaráætlun fyrir landið sem heild en jafnframt skuli unnar sóknaráætlanir fyrir einstök landsvæði, sem eru átta. Þegar hafa verið haldnir "þjóðfundir" um sóknaráætlun á 6 af 8 svæðum. Þessir fundir hafa verið með virkri þátttöku 90-120 fulltrúa íbúa, atvinnulífs og stofnana og staðið í 6 - 7 klukkutíma. Undirbúningur og framkvæmd hefur verið til sóma og að sögn Expectus sem hefur séð um framkvæmdina hefur fólk gengið ánægt af fundum.

Í þingsályktunartillögunni kemur fram að sóknaráætlun verði lögð fram á haustþingi 2010

og að áherslur og forgangsörðun sóknaráætlunar muni síðar birtast í einstökum lögbundnum opinberum áætlunum, breytingum á þeim, framkvæmd þeirra og fjárveitingum til þeirra.

Að mati Skipulagsstofnunar vantar skýrari línur um gerð og innihald sóknaráætlana, málsmeðferð og framkvæmd þeirrar stefnu sem þar kemur fram. Í frumvarpi til skipulagslaga kemur fram að sveitarstjórnir skuli í sinni skipulagsgerð taka mið af landsskipulagsstefnu í sínum áætlunum. Á sama hátt þarf að koma fram hvar og hvernig sú stefna sóknaráætlunar, sem unnin er í samráði við fólkið í landinu, muni birtast.



Stefán Thors